

Mánudaginn 30. mars 1992.

Nr. 126/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Eiríki Franzsyni.

Kærumál. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gardar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1992, sem barst Hæstarétti 20. sama mánaðar. Í kærinni er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Þá hefur Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, sem í kærumáli þessu gætir hagsmuna varnaraðila, sent Hæstarétti greinargerð. Þar er ítrekuð krafa um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þess jafnframt krafist, að varnaraðila verði fengin umráð þeirra verðmæta, sem hald var lagt á samkvæmt úrskurðinum. Jafnframt er krafist kærumálkostnaðar.

Í greinargerðinni er því haldið fram, að inneign á gjaldeyrisreikningum þeim í Íslandsbanka hf., sem hald var lagt á, séu m.a. lífeyrisgreiðslur, sem varnaraðili hafi fengið vegna lífeyrisréttinda, er hann njóti erlendis. Bent er á, að varnaraðila hafi ekki gefist kostur á að tjá sig fyrir dómi um kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, áður en hald var lagt á umrædd verðmæti. Engin gild rök hafi verið til launungar í því efni af hálfu rannsóknaraðila. Þá er því haldið fram, að ekkert hafi komið fram enn við rannsókn málsins, er sýni eða gefi vísbendingu um, að inneignar á nefndum bankareikningum hafi verið aflað á refsiverðan hátt í tengslum við brot, sem rannsóknin beinist að, þannig að ætla megji, að fé þetta verði gert upp-tækt.

Ýmis gögn hafa borist Hæstarétti eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar. Er þar á meðal ýtarleg greinargerð Rannsóknarlögreglu

ríkisins til ríkissaksóknara af tilefni þessa kærumáls. Í henni kemur fram, að húsrleit hafi verið gerð hjá varnaraðila og hald lagt á mikið magn skjala af ýmsu tagi, flest á þýsku og ensku. Mörg þessara skjala varði samskipti varnaraðila eða fjölskyldu hans við erlend váttryggingafélög, þar sem krafist sé bóta vegna ýmissa sjúkdóma og læknisverka. Er sérstaklega skírskotað til bréfaskipta varnaraðila við nafngreint váttryggingafélag í Vín. Þá er vitnað til gjaldeyrisreikninga þeirra í Íslandsbanka hf., sem greinir frá í hinum kærða úrskurði, en síðan segir í greinargerðinni:

„...má af þeim ráða, að kærður njóti eftirlaunagreiðslna erlendis frá og má ætla að mánaðarleg yfirfærsla nemi u.þ.b. 50.000 krónum á mánuði. Þá er einnig að finna innborganir, sem nema verulegum fjárhæðum og er enn óljóst hvaðan þær stafa, en þó má ætla, að þar sé um að ræða sjúkrabætur frá hinu erlenda tryggingarfyritæki í Wien sem áður er getið. Sé það rétt má fullyrða ef miðað er við þau gögn, sem RLR hefur undir höndum, t.d. reikninga sem sagðir eru útgefnir af íslenskum læknum og fylgja margvíslegum bréfaskiptum kærða til margnefnds tryggingafélags, að bætur þessar hafi verið fengnar með svikum og skjalafalsi.“

Síðar segir:

„Kærður hefur haldið því fram, að hann sé óvinnufær vegna heilsubreysts og hafi þ.a.l. ekki stundað launaða vinnu um árabil. Svo mikið er víst, að ekki sést það á skattframtölum hans fyrir sl. 3 ár, að hann hafi sjálfur haft einhverjar tekjur, ekki heldur þær lífeyrisgreiðslur, sem lögmaður hans heldur fram, að myndað hafi hinn digra sjóð hans í Íslandsbanka hf.“

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Séu hreyfingar á reikningi kærða nr. 101014 fyrir tímabilið 1.7.85 - 31.12.91 skoðaðar og útborganir af reikningnum lagðar við innistæðuna, sem var á reikningnum, er hann var haldlagður, kemur í ljós, að þær nema samtals USD 114.038,84 eða á gengi 17. þ.m. (59,39) samtals kr. 6.772.776,70.

Samsvarandi tölur fyrir reikning nr. 560004 yfir tímabilið 31.12.90 - 17.03.92 eru þær, að innstæða við haldlagningu var SEK 267.840,13. Útborganir af reikningnum námu SEK 121.978,20 eða samtals SEK 389.818,33 eða á gengi 17. þ.m. (9,9032) samtals kr. 3.860.409,90.

Samanlagt nemur veltan (innborganir) inn á þessa reikninga kr. 10.633.176 frá 1.7. 1985.

Af þessu má sjá með óyggjandi hætti, að fjárhæðir sem fyrirfundust á reikningum kærða í Íslandsbanka hf. samanstanda af öðru og meira en lífeyrisgreiðslum einum saman. Þá er það einnig rangt sem kærður heldur fram í skýrslu, sem tekin var af honum 19. þ.m. að „eftirlaunin er hann hafi fengið send hafi ekki verið hreyfð nema eitthvað smávegis af þeim“. Til staðfestingar þessari staðhæfingu vísast til meðfylgjandi reikningsyfirlits, sbr. forskj. nr. 11.

Loks má nefna það, að samkvæmt upplýsingum yfirlæknis sjúkrahúss Keflavíkur hefur hvorki kærður, eiginkona hans eða börn legið á sjúkrahúsinu frá árinu 1988 til þessa dags.“

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt, að hann standi óhaggaður.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. mars 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 17. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur krafist þess, að henni verði með úrskurði heimilað að leggja hald á fjármuni, sem Eiríkur Franzson, kt. 240440-6289, Faxabraut 2 A, Keflavík, varðveitir á tveimur gjaldeyrisreikningum í Íslandsbanka í Keflavík, nr. 101014 og 560004.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að ætluðum brotum kærða, eiginkonu hans og sonar gegn 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Rannsókn þessi hófst að beiðni þriggja tryggingafélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, og standa þessir aðilar sameiginlega að rannsóknarbeiðninni. Er málavöxtum lýst svo í stuttu máli, að kærði, eiginkona hans og sonur hafi fengið greiddar verulegar fjárhæðir frá tryggingafélögunum og Tryggingastofnun ríkisins vegna 7-8 atburða erlendis frá því í desember 1988 til nóvembermánaðar sl. Hafi grunur vaknað um, að sömu kostnaðar-reikningar hafi verið greiddir oftast en einu sinni í nokkrum tilvikum, — einnig, að skýrslur eða staðfestingar frá lögreglu í Austurríki væru tilbún-

ingur og jafnvel kostnaðarreikningarnir sjálfir. Félögin hafi nú borið saman gögn sín, og augljóst þyki, að í þremur tilvikum hafi sami kostnaður verið greiddur framangreindum aðilum oftast en einu sinni.

Kærði, sem sætt hefur gæsluvarðhaldi frá 13. þ. m., hefur játað að hafa falsað fjölmörg skjöl og framvísað þeim við tryggingafélög og þannig fengið greiddar verulegar fjárhæðir í bætur.

Að undangengnum úrskurði þess efnis, að forsvarsmönnum Íslandsbanka hf. væri rétt og skylt að láta RLR í té upplýsingar um öll banka- viðskipti kærða, Eiríks, þ. m. t. upplýsingar um allar inneignir á reikningum hans í framangreindum banka, hefur RLR nú fengið þær upplýsingar frá bankanum, að kærði, Eiríkur, eigi þar tvo gjaldeyrisreikninga og að heildarfjárhæð innstæðna á þeim m. v. gengi dagsins í dag nemi samtals 4.041.022,02 kr.

Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn 155. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Með vísan til framangreindrar málavaxtalýsingar og skírskotun til 43. gr. laga nr. 74, 1974, svo og sjónarmiða þeirra, sem fram koma í 69. gr. almennra hegningarlaga, þykir rétt að taka kröfu RLR um haldlagningu fjármuna á gjaldeyrisreikningum kærða til greina, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins skal vera heimilt að leggja hald á fjármuni, sem kærði, Eiríkur Franzson, varðveitir á tveimur gjaldeyrisreikningum, nr. 101014 og 560004, í Íslandsbanka hf. í Keflavík.